| Kennari | Haukur Eiríksson | Sk.st. | HEI |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Kennd er uppbygging mismunandi vídeókerfa frá hefðbundnu sjónvarpi til HDTV. Fjallað er um forsendur fyrir upplausn í dreifikerfi, Kell factor og hvernig upplausnarþörf er reiknuð og yfirfærð í bandbreidd. Farið er í muninn á fléttaðri (interlaced) skönnun og heildstæðri skönnun (progressive) og flutningsleiðir og flutningskerfi. Uppbygging flatskjáa, innra kerfi og stýringar út á skjá. Bilanaleit og kerfisgreining flatskjáa (LCD) með kerfisleiðréttingu í huga eða enduruppsetningu stýrikerfis. Bilanaleit í LCD-skjáum. Uppbygging myndbandstökuvéla, merkjasamskipti og staðlar. Nemendur læri um þjöppun vídeós og hljóðmerkis og dreifingu þess á neti. Verkefni felist í því að setja upp vefsjónvarp og dreifa efni með mismunandi aðferðum í Multicast eða Unicast. Jafnframt læri nemendur umhljóðupptöku og dreifingu hljóðs. Gert er ráð fyrir að kennslan skiptist nokkuð jafnt á fræðilegri umfjöllun um sjónvarpskerfi, bilanagreiningu í flatskjáum, upptöku vídeós og hljóðs og útsendingar á internetið.

## Markmið:

Að nemandi .

- þekki mismunandi sjónvarpskerfi PAL, DVB, IP TV og uppbyggingu þeirra.
- þekki helstu merkjakerfi og tengi, RGB, Composite, Component og HDMI.
- þekki forsendur sjónvarpstaðla frá hefðbundinni fléttaðri skönnun upp í Full HDTV.
- þekki forsendur upplausnar og áhrif á bandbreidd í flutningi og helstu kóðanir.
- þekki uppbyggingu flatskjáa, videotökuvéla og aðferðir í bilanaleit.
- þekki hljóðupptökutækni, hljóðnema og helstu hugtök og aðgerðir í hljóðvinnslu.
- þekki myndupptökutækni og kunni á einfalt klippi- og hljóðvinnsluforrit.
- þekki merkjadreifingu í vídeó og hljóði, munin á rauntíma fjarskiptum, lifandi streymi og VOD.

## Námsgögn:

| Tegund | Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum) |
|---|---|
| Bækur | Fjarskiptahandbókin 2 |
| Ljósrit (afhent) | Tímadæmi, verkefni og ítarefni eftir því sem kennari sér ástæðu til. |
| Vefsíður | http://www.mediacollege.com https://obsproject.com o.fl. o.fl. |
| Verkefni | Samhliða bóklegri yfirferð þessum áfanga eru unnin verkefni og skýrslur. |

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni | |
|---|---|---|
| 35 | Kynning á áfanga, farið yfir skipulag o.fl. | |
| 36 -37 | Hljóðbúnaður, upptökur og eftirvinnsla á hljóði, hugbúnaður – vélbúnaður, upplausn upptöku, öpp og hjálpartól. Mixer tónjafnari, compressor, limiter, transducer, dynamik, hljóðnemi, condenser, phantom power, bóma AD breytur. http://www.mediacollege.com o.fl. | Fyrirlestrar og pælingar<br>Tímapróf 10% |
| 36 - 39 | Nemendur vinna tveir saman að hljóðupptöku að eigin vali í samráði við kennarann, tónlist, viðtöl, hljóðverk. | Skila hnitmiðaðri skýrslu um verkið og hljóðverki á Youtube/Soundcloud 10% |
| 40 -41 | Sjónvarpskerfi, merkjakerfi, SD, HD, UHD, HDMI, tengingar og tengi . Fléttuð skönnun (interlaced scan), heildstæð skönnun (progressive scan), upplausn, merkjaberar, HDTV, hágæða útsending, netvarp, sjónvarp<br>Flatskjáir og Videtökuvélar, blokkmyndir, virknimyndir, AD breytur, BER mismunandi gerðir flatskjáa LCD, Plasma, LED, OLED. Fléttast inn í FJS303 | Fyrirlestrar og pælingar<br>Tímapróf 10% |
| 42- 43 | Myndbúnaður, tökuvélar, geymslupláss, kóðanir o.fl.<br>Myndvinnsluhugbúnaður,<br>http://www.mediacollege.com o.fl. | Fyrirlestrar og pælingar |
| 42 - 44 | Nemendur vinna tveir saman að myndupptöku að eigin vali í samráði við kennarann. | Skila hnitmiðaðri skýrslu um verkið og myndband á Youtube. 10% |
| 45 - 47 | Hljóð og mynd dreift beint á netinu.<br>Farið yfir mismunandi aðferðir, nemendur skoða hugbúnað setja upp og prófa. t.d. Open Broadcaster Software https://obsproject.com eða örðum viðlíka.<br>Spáum í Live IP webcams | Fyrirlestrar og verklegt.<br>Skila hnitmiðaðri skýrslu um verkið. 10% |
| 48 | Upprifjun, farið yfir verkefni og námsefni vetrarins. | |

***Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu (sést til dæmis í INNU)***

## Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Sveinspróf | Lokapróf úr efni áfangans, sveinspróf | 50% |
| Skyndipróf | 2 skyndipróf, 10 % hvert | 20% |
| Frammistaða á önn | 3 skilaverkefni 10% hvert | 30% |

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils